

Námskeið og fræðslufundur á vegum Skólafjónustunnar á vorönn 2017

Lágmarkspátttakendafjöldi á námskeiðum er að öllu jöfnu 10. Verði ekki næg þátttaka að síðasta skráningardegi liðnum, verða námskeiðin felld niður. Þátttökugjald miðast við lágmarksfjölda, en getur lækkað ef þátttaka er góð.

Að þessu sinni er þátttaka á eitt námskeiðanna ókeypis og önnur eru niðurgreidd að hluta, m.a. vegna styrks úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Þátttaka tilkynnist á netfangið skolamal@skolamal.is. Eftirfarandi þarf að koma fram: Nafn, starfsheiti, kennitala, skóli, netfang, hver greiðir fyrir þátttökuna og hvort óskað er eftir Skype-fundi (Vík og Klaustur), á þau námskeið sem henta til slíks.

Mjög mikilvægt er að skráðir þátttakendur afboði sig á námskeið/fræðslufundi, geti þeir af einhverjum ástæðum ekki mætt. Þeir sem ekki afboða sig geta átt á hættu að verða krafðir um þátttökugjald.

<u>Tímasetn.</u>	<u>Heiti fundar/námskeiðs og lýsing á umfjöllunarefni</u>	<u>Umsjónarm./ fyrirlesari</u>	<u>Staðsetn.</u>	<u>Markhópur</u>	<u>Verð pr. þátttak.</u>	<u>Síðasti skr.dag.</u>
<p><u>Námskeið fyrir starfsfólk leikskóla.</u> 4 x 3 kennslustundir. 30.01. mánudagur kl. 14–16, <i>staðarlota, fjarfundastofa Hvolsskóla</i> 15.02. miðvikudagur kl. 14-16, <i>staðarlota og möguleikar á skype-fundi, námsver RY Hellu</i> 21.02. þriðjudagur kl. 14-16, <i>staðarlota, fjarfundastofa Hvolsskóla</i> 02.03. fimmtudagur kl. 14-16, <i>staðarlota og möguleikar á skype-fundi, námsver RY Hellu</i></p>	<p>Halldóra leikskólaráðgjafi tekur fyrir helstu þætti sem snúa að leikskólastarfi, m.a. dagskipulag, kennsluhugmyndir og vinnubrögð. Hún fjallar einnig um samskipti milli allra hlutaðeigandi, foreldra, stjórnenda, annarra starfsmanna og starfsfólks sérfræðiþjónustu. Sigríður talmeinafræðingur ræðir um málörvun í daglegu starfi og þróun málþroska fyrstu árin, auk þess að kynna spil og leiki sem örva mál og tal. Ragnar sálfræðingur lýsir verkferlum þegar börnum er vísað til hans og fer yfir algeng mælitæki sem notuð eru til að meta þroska og geðheilsu leikskólabarna. Námskeiðið verður í formi fyrirlestra, verkefna og umræðna og í tvö skipti verður möguleiki á skype-</p>	<p>Halldóra G. Helgadóttir, Leikskólaráðgjafi, Ragnar S. Ragnarsson, sálfræðingur og Sigríður A. Þórðardóttir, talmeinafræðingur.</p>	<p>Fjarfundast. Hvolsskóla og Námsver RY Hellu.</p>	<p>Starfsfólk leikskóla.</p>	<p>10.000.-</p>	<p>Föstud. 20. 01.</p>

	fundi til Víkur og á Klaustur. Í fyrsta skipti mæta þó allir saman og fá skipulag fyrir námskeiðið.					
<p><u>Leiklist í skólastarfi</u> 3 kennslustundir. 02.02. fimmtudagur kl. 14 – 16. ekki möguleiki á skype-fundi.</p>	<p>Fræðin hafa sýnt að leikræn tjáning er mikilvægur hluti af skólastarfinu, hvort sem hún er kennd sem listgrein eða notuð til samþættingar við önnur fög. Nota má leiklist sem úrræði í farsælli þroskaframvindu ungmenna, þar sem hún getur aukið sjálfstraust þeirra og bætt félagsleg samskipti og sjálfstæði, ef unnið er rétt með hana. Það er margt sem þarf að huga að þegar vinna á með leiklist í skólastarfi en farið verður í þá þætti. Auk þess verða kynntar skemmtilegar leikrænar aðferðir og heildstæð ferli sem ná yfir fleiri en eina kennslustund. Efnioð má nýta á öllum stígum grunnskólans og jafnvel niður í leikskóla og upp í framhaldsskóla. Því fyrir sem börnin kynnast leikrænni tjáningu því betra!</p>	<p>Elísabet Lind Ingólfsd. Meistaraneimi við leiklistarbraut Menntavísindasviðs HÍ.</p>	<p>Fjarfundast. Hvolsskóla.</p>	<p>Starfsfólk leik- og grunnskóla</p>	<p>4.000.-</p>	<p>Fimmtu- dagur 19. 01.</p>
<p><u>Hreyfifærni leikskólabarna.</u> 4,5 kennslustundir. 07.02. þriðjudagur kl. 14 – 17, ekki möguleiki á skype-fundi.</p>	<p>Markvissar hreyfistundi leikskóla. Leiðir til að efla hreyfiþroska leikskólabarna og kúnstin að gera nám að leik og leik að námi“.</p>	<p>Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir Íþróttakennari leikskólanunum Jötunheimum</p>	<p>Fjarfundast./ Íþróttahús, Hvolsskóli.</p>	<p>Starfsfólk leikskóla</p>	<p>6.500.-</p>	<p>Þriðju- dagur 24.01.</p>
<p><u>Hvað vita vísindin um hvernig best er að sannfæra fólk og hafa áhrif á það?</u> 3 kennslustundir. 08.02 miðvikudagur kl. 14 – 16, möguleiki á skype-fundi</p>	<p>Kennsla snýst m.a. um að hafa áhrif á fólk. Fjallað verður um hvaða þættir hafa helst áhrif og lýst raunverulegum dæmum um bæði árangursríkar og eins kolrangar aðferðir til að hafa áhrif á fólk. Dæmin eru byggð á raunverulegum atburðum úr víðri veröld. Þátttakendum</p>	<p>Ragnar S Ragnarsson sálfræðingur.</p>	<p>Námsver Hellu.</p>	<p>Starfsfólk leik- og grunnskóla</p>	<p>3.000.-</p>	<p>Miðviku- dagur 25.01.</p>

	er ætlað að heimfæra þessi dæmi á umhverfi skólans. Leitað verður svara við spurningum eins og „hvernig getur einföld spurning aukið fylgi við hugmyndir þínar og óskir“, „hvert er aðalatriðið þegar fá þarf fólk til að standa við eitthvað“, „hvenær er rétt að viðurkenna að maður hafi rangt fyrir sér“.					
<p><u>Kennsla nemenda af erlendum uppruna.</u> 4,5 kennslustundir. 22.02. miðvikudagur kl. 13 – 16, Ekki möguleiki á skype-fundi.</p>	<p>Smíðja í orðaforða fyrir kennara í grunnskólum. Í smíðjunni tileinka kennarar sér hagnýtar aðferðir til að auðga og dýpka orðaforða nemenda. Námskeiðið er hugsað fyrir kennara með fjölbreyttan nemendahóp og þá sérstaklega með tvítyngda nemendur í huga.</p> <p>Námskeiðið felur í sér:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. flokkun orða 2. hvaða orð á að kenna sérstaklega 3. hvernig er hægt að kenna orð 4. aðferðir til að rifja upp orð 5. matsaðferðir 	<p>Ingibjörg Edda Haraldsdóttir og Kristín Guðnadóttir grunnskólakennarar Hraunvallaskóla.</p>	Námsver, Hellu.	Starfsfólk grunnskóla	Frítt	Miðvikudagur 08.02.

<p><u>„Nánast allt“ um notkun iPad í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla.</u> 3 kennslustundir. 14.03. Þriðjudagur kl 14 – 16, ekki möguleiki á skype-fundi</p>	<p>Á námskeiðinu verður fjallað um fjölmargt sem viðkemur iPad-notkun í leik- og grunnskólastarfi. M.a. verður farið yfir ýmsar gagnlegar stillingar í settings s.s. restrictions og fleira. Einnig hvernig nýta má iPad til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gera dagsskipulag fyrir börn sem þurfa á því að halda • gera ýmsar skráningar <p>Fjallað verður um ýmis smáforrit sem henta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • til einstaklingskennslu • í hópkenndu • í vali <p>ásamt ýmsu fleiru. Mikilvægt er að þátttakendur hafi með sér iPad.</p>	<p>Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi.</p>	<p>Námsver RY Hellu.</p>	<p>Starfsfólk leik- og grunnskóla</p>	<p>3.000.-</p>	<p>Þriðjudagur 28.02.</p>
<p><u>Hand- og myndmennt.</u> <u>Notað sem nýtt.</u> 3 kennslustundir. 15.03. miðvikudagur kl. 14 – 16, ekki möguleiki á skype-fundi.</p>	<p>Kynntar verða hugmyndir að verkefnum með gler og plast. Gerðar verða verklegar tilraunir, t.d. með að skreyta glös, flöskur og krukkur. Þátttakendur fá sendar upplýsingar þegar nær dregur, ef þeir þurfa að hafa eitthvað meðferðis.</p>	<p>Guðrún Auður Björnsdóttir hand- og myndmenntakennari Hvolsskóla.</p>	<p>Hvolsskóli, smíðastofa.</p>	<p>Starfsfólk leik- og grunnskóla</p>	<p>4.000.- (efniskostnaður innifalinn)</p>	<p>Miðvikudagur 01.03.</p>
<p><u>Leiðir í foreldrasamstarfi sem auka skuldbindingu, námsárangur og jákvætt viðhorf nemenda á öllum skólastigum.</u> 3 kennslustundir. 21.03. Þriðjudagur kl. 14 – 16, möguleiki á skype-fundi.</p>	<p>Sagt verður frá skoska tilraunaverkefninu <i>Parents in partnership: A developing model for improving children's engagement in education through parental involvement</i>, auk fleiri verkefna sem hafa stuðlað að bættem tengslum, jákvæðara viðhorfi og meiri skuldbindingu foreldra við skóla og nemenda til náms. Jákvætt viðhorf og</p>	<p>Arnheiður Dögg Einarsdóttir náms- og starfsráðgjafi.</p>	<p>Fjarfundast. Hvolsskóla.</p>	<p>Starfsfólk leik- og grunnskóla</p>	<p>3.000.-</p>	<p>Þriðjudagur 07.03.</p>

	<p>skuldbinding til náms eru ein mesta forspáin um námsárangur nemenda og öflugasta forvörnin gegn brottvarfi úr námi. Rannsóknir hafa sýnt að ein árangursríkasta leiðin til að vinna með þessi gildi er í gegnum tengsl og samstarf heimila og skóla þar sem skólinn er í leiðtogahlutverki.</p>					
<p><u>Ævintýrið með Lubba – Bók er best vina.</u> Próunarverkefni um málörvun, samþættingu leikskólastarfs og samstarf ófaglærðs starfsfólks. Kynning á mastersverkefni. 2 ½ kennslustund. 05.04. miðvikud. kl. 14 – 15:30, ekki möguleiki á skype-fundi</p>	<p>Verkefnið fjallar um mál og læsi og samþættingu við stærðfræði, umhverfismennt og sköpun, ásamt því að auka samvinnu starfsfólks. Markmiðið með þróunarverkefninu er að efla mál og læsi hjá börnum, finna leiðir til að samþætta leikskólastarf með málörvun að leiðarljósi ásamt því að styrkja og bæta samvinnu og þekkingu ófaglærðs starfsfólks.</p>	<p>Inese Kuciere Valsteinsson aðstoðarleikskólastjóri/ sérkennslustjóri Leikskólanum Heklukoti.</p>	<p>Námsver RY Hellu.</p>	<p>Starfsfólk leikskóla</p>	<p>3.000.-</p>	<p>Miðvikudagur 22.03.</p>
<p><u>Kvíði barna og unglunga.</u> 3 kennslustundir. 19.04. miðvikudagur kl. 14–16, möguleiki á skype-fundi.</p>	<p>Erindið fjallar um þær þekktu kvíðaraskanir sem vestræn geðlæknisfræði viðurkenna að börn og unglingar geti glímt við. M.a. verður lýst einkennum kvíðaraskana og hvernig þær þróast miðað við aldur. Einnig verður fjallað um algengi meðal barna og unglunga og algengi og ólíkar birtingarmyndir eftir kynjum. Einnig verður sagt frá nokkrum viðurkenndum leiðum sem notaðar eru til að draga úr kvíða.</p>	<p>Ragnar S Ragnarsson sálfræðingur.</p>	<p>Námsver RY Hellu.</p>	<p>Starfsfólk leik- og grunnskóla</p>	<p>3.000.-</p>	<p>Miðvikudagur 05.04.</p>